

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1996.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðis-samþykktar um hundahald, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989 um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 8.400
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	" 12.600
Bráðabirgðaleyfi	" 2.100

3. gr.

Af hverjum leyfðum hundi skal innheimta árið 1996 eftirlitsgjald að upphæð kr. 7.400.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	kr. 12.000
Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	" 6.000
Önnur, þriðja o.fl. afhendingar	" 18.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 22. grein laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með lögtaki.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda á árinu 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.